



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26.05 2010
Mál: 201005-0022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldprotaskipti og fyrning kröfuréttinda (449 mál).

Alþýðusamband Íslands er sammála þeirri meginhugsun sem í frumvarpinu felst en telur þó að skilyrði 1.gr. og 2.gr. um „ólögmætar“ athafnir séu ófullnægjandi. ASÍ telur að auk þess að binda fyrningu við ólögmætar athafnir verði hún bundin sömu eða svipuðum skilyrðum og greinir í frumvarpi um greiðsluaðlögun þar sem segir í 7.gr.:

Einnig er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef slíkt þykir óhæfilegt. Við mat á slíku skal taka sérstakt tillit til þess hvort:

- a. stofnað hafi verið til meginhluta skuldanna nýlega og ekki sé um að ræða eðlilega lántöku til endurfjármögnunar eða öflunar nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis,
- b. umtalsverður hluti skuldanna eigi rætur að rekja til refsiverðrar háttsemi skuldara samkvæmt dómi,
- c. skuldari hafi efnt til fjárfestinga eða gert ráðstafanir sem hefðu verið riftanlegar við gjaldprotaskipti,
- d. skuldari hafi á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt,
- e. skuldari hafi á ámælisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga eða skuldir hans eru þess eðlis að bersýnilega sé ósanngjarnt að heimild til greiðsluaðlögunar nái til þeirra.

Í greinargerð segir síðan um 7.gr.:

„Í 2. mgr. kemur fram að umboðsmanni skuldara sé heimilt að synja heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef augljóst má vera að samþykkt umsóknar væri óhæfileg. Í framhaldinu eru í fimm liðum rakin atriði sem umboðsmaður skuldara skal sérstaklega líta til við mat á slíku. Ekki þykir rétt í b-lið 2. mgr. að útiloka rétt til greiðsluaðlögunar þótt einhver hluti skulda stafi af refsiverðri háttsemi, en umboðsmanni er falið mat á þýðingu þess. Þá er í e-lið 2. mgr. almenn heimild til synjunar ef um er að ræða aðila sem mjög hafa farið offari í skuldsetningu, sem og í þeim tilvikum þegar rót skulda er af þeim toga að samfélagslega óásættanlegt er að greiðsluaðlögun nái til skuldara. Sem dæmi um slíkt má nefna skuldir vegna viðskipta í aðdraganda falls bankanna haustið 2008 og þá sérstaklega skattskuldir tengdar slíkum viðskiptum. Á vegum skattyfirvalda er nú unnið að rannsókn á viðskiptum í hinum föllnu bönkum og grunur leikur á stórfelldum skattundanskotum. Álagning skatta á slík viðskipti eða á niðurfellingar af stórtækri skuldsetningu á grundvelli kaupréttarsamninga er dæmi um skuldsetningu sem ekki er þess eðlis að sanngjarnt sé að ákvæði greiðsluaðlögunar nái til hennar, enda álagningunni sannanlega ætlað að afla samfélaginu sanngjarns endurgjalds fyrir þá aðstöðu sem skuldari naut.“



Og almennt um þetta skilyrði: „Ekki má samþykkja umsókn ef hún telst á einhvern hátt óeðlileg. Það á t.d. við ef skuldasöfnun á rætur að rekja til ólögmætra eða ósiðlegra athafna skuldara. Í því samhengi má nefna að ef greiðsluferfiðleikar stafa af brotastarfsemi eða margvíslegri misnotkun kemur ekki til álita að samþykkja greiðsluaðlögun.“

ASÍ telur mikilvægt að ákvæði gjaldþrotalaga um fýringu annars vegar og laga um greiðsluaðlögun kallist á þ.a. að leiði ekki til ósanngjamar mismununar eftir því í hvorri aðstöðunni skuldari lendir.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.